

**Starfsreglur um breytingu á starfsreglum um söfnuði og sóknarnefndir
nr. 16/2021-2022.**

1. gr.

Við 6. gr. starfsreglnanna bætist ný málsgrein, 7. mgr., sem hljóðar svo:

Prátt fyrir ákvæði 5. mgr. 3. gr. er aðalsafnaðarfundur heimilt að kjósa leikmann til starfa í sóknarnefndinni sem tilheyrir annarri sókn samkvæmt lögheimilisskráningu. Kosningarréttur er þó ávallt bundinn lögheimilisskráningu. Prátt fyrir það skal meirihluti sóknarnefndar ávallt skipaður leikmönnum sem tilheyra sókninni samkvæmt lögheimilisskráningu. Leikmaður verður að uppfylla almenn skilyrði til þess að geta tekið sæti í sóknarnefnd. Leikmaður getur aðeins starfað í einni sóknarnefnd hverju sinni.

2. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 8. gr. laga um þjóðkirkjuna nr. 78/1997, öðlast gildi við birtingu.

Samþykkt á kirkjuþingi 26. október 2022 og birt á opnum vef kirkjunnar 1. nóvember 2022.

Drífa Hjartardóttir forseti kirkjuþings.